

# ÁRSRIT

## GARÐYRKJUFÉLAGS ÍSLANDS

### 1956

*Ritstjóri:*

*Ingólfur Davíðsson*

*Ritnefnd:*

*Einar I. Siggeirsson og Halldór Ó. Jónsson*

*Gefið út af Garðyrkjufélagi Íslands*

---

*Reykjavík — Prentsmiðjan Edda h.f. — 1956*

JÓN H. BJÖRNSSON:

## Ljósatilraunir

Hans Petersen frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn starfar nú um stundarsakir við tilraunir sínar við Cornell háskóla. Í ritinu New York State Flower Bull 122 segir hann frá árangri ljósatilrauna sinna. Með tilkomu flóðaljóss (fluorecent) lampans og nýtizku kvikasilfur lampans segir hann, að á okkar tímum ætti ljósanotkun að vera orðinn nauðsynlegur liður við plöntuuppeldi.

Glóðarlampar eru mikið notaðir til þess að hafa áhrif á daglengd í sambandi við blómgunartíma og *má ekki rugla slíkri lýsingu saman við lýsingu fyrir kolsýrunám*, sem krefst mikils ljóssstyrkleika. Ekki ætti að nota glóðarlampa fyrir kolsýrunám vegna þess að þeir breyta 95% raforkunnar í hita, sem getur brennt plönturnar eða lengt þær um of. Fluorecent lampinn hefur ekki slíka skaðlega hitaútgeislun. Ef notuð eru 8—10 wött á ferfet (ca. 100 wött á m<sup>2</sup>) má hér um bil fullyrða, að góður árangur næst. Ef notuð eru 8—10 wött á ferfet ætti 40 watta lampi að lýsa 4—5 ferfet. Hæð yfir plöntum er þá hæfileg ca. 20—25 cm. Ef ræktun fer fram undir þokuúða, er erfitt að nota flourescent lampa og ætti þá heldur að nota háspennta kvikasilfurslampa (400 wött hvern lampa). Einn slíkur lampi nægir til þess að lýsa 40—50 ferfet (ca. 4—5 m<sup>2</sup>),

að sjá í notkun steinverks eins og til dæmis hellulagða gangstíga, stéttar, og hlaðna vegg. Snyrtimennska var til fyrirmyndar á öllum sviðum.

Danir eru komnir langt í skróðgarðagerð sinni og eru í stöðugri framþróun. Við Íslendingar erum komnir mjög stutt og getum, þrátt fyrir ólíkar aðstæður, fært okkur í nyt þekkingu Dana, en við þurfum líka að taka okkur á hér heima. Við þurfum að sameina starfskrafta okkar og samræma skróðgarðagerðina við starf íslenzkra húsameistara, skipulagningarmanna og garðeigenda.

Reykjavík, 25. febrúar 1956.

Reynir Vilhjálmsson.

Jón H.. Björnsson.

og er því hægt að setja hann nógu hátt yfir plöntunum þannig, að þokuúðun getur átt sér stað án þess að skemma lampann.

Allar plöntur fá of litla birtu á vetrum. Of dýrt er að lýsa stórar plöntur. Kostnaður við að lýsa hverja plöntu er minni, þegar plönturnar eru litlar og standa þétt saman. Sáðplöntur og græðlingar, sem fá viðbótarljós fyrstu 3—4 vikurnar ná oft yfir 100% vaxtarauka hvað snertir stærð, þurefnismagn og gæði. Þannig má stytta til mikilla muna ræktunartímann frá spírun til dreifplöntunar.

Petersen framkvæmdi tilraunir sínar með ljónsmunna afbrigðunum Golden Spike og Jackpot, á þrjátíu dögum við 10°C. Hann fann engan árangur, þegar ljós voru notuð með dagsbirtu, en fékk *undraverðan* árangur við lýsingu á nóttunni. Flestar plöntur þrífast vel við venjulega dagsbirtu + rafmagnslýsingu alla nóttina. Hér er aðeins átt við fyrstu 3—4 vikur af æfiskeiði plantnanna. Til þess að spara stofnkostnað og rafmagn, bendir Petersen á að í mörgum tilfellum gæti verið hagkvæmt að hafa lýsingu í aðeins 6—8 tíma í viðbót við dagsbirtuna. Ef lamparnir eru færanlegir, má hafa þá yfir helming uppeldisins frá því síðdegis til miðnættis og yfir hinum helmingnum frá miðnætti til morgun.

Petersen leggur áherzlu á, að ekki ætti að lýsa nema beztu plönturnar. Að minnsta kosti 100% vaxtaraukning og örari vöxtur, þ. e. aukinn vöxtur á styttri tíma ætti að greiða rafmagn og áhöld, en rafmagnslýsing getur aðeins borgað sig ef notuð er til þess að bæta plöntur, sem á annan hátt gætu ekki orðið betri..

Í ritinu eru línurit sem skýra árangur tilrauna Petersens á einfaldan hátt.

### M O L A R .

Uppskeyra tómata og gúrknna s.l. ár varð alls um 280 smálestir. Þetta eru fjörefnaríkir, hollir ávextir. Til samanburðar má geta þess, að árleg framleiðsla brjóstsykurs, karamellna, súkkulaðis o. fl. sælgætis er mun meiri hér á landi að magni og verði. — Fræ fæst aðeins af skornum skammti í vor, einkum blómafræ.